


Dýrabær



Akranes
Kringlan
Krossmói
Spöngin
Smáralind
www.dyraer.is



Bifreiðaverkstæði
Grafarvogs

Allar almennar
bílavíðgerðir

Gylfaflöt 24 - 30 • 112 Reykjavík
Sími 577 4477
www.bilavidgerdir.is

Þjónustuaðili



SSANGYONG



CHEVROLET

Árbæjarblaðið

11. tbl. 22. árg. 2024 nóvember

Fréttablað íbúa í Árbæjarhverfi



Dagur B. Eggertsson þáverandi borgarstjóri og Björn Gíslason formaður Fylkis undirrita samning árið 2017 eftir söluna á æfingssvæði félagsins í Hraunbæ. Borgin hefur alls ekki staðið við samninginn og þolinmæði Fylkismanna er á þrotum.

Fylkir í mál við borgina?

- sjá bls. 4



HeilsuKlasinn


bfo.is

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

bfo@bfo.is



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

VISSIR ÞÚ?

**AÐ KEILA ER
LEIKIN AF
120.000.000
MANNS Í YFIR
90 LÖNDUM.**

**KÍKTU Í KEILU, PÍLU, KAREOKE,
PIZZU, DRYKK, BOLTA OG FJÖR.**

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á
KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EGILSHÖLL




HAFIÐ
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -

Tilbúinn fiskur og
fiskréttir beint í ofninn

Spönginni 13, 112 Reykjavík

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN REYKJAVÍK SUÐUR



1. Áslaug Arna
Sigurbjörnsdóttir



2. Hildur
Sverrisdóttir



3. Jón Pétur
Zimsen



4. Sigurður Örn
Hilmarsson



5. Tómas Þór
Þórðarson



6. Birna
Bragadóttir



7. Sigurður Ágúst
Sigurðsson



8. Anna Fríða
Ingvarsdóttir



9. Gunnar Örn
Jóhannsson



10. Ágústa
Guðmundsdóttir



11. Þórður
Gunnarsson



12. Kristín Kolbrún
Kolbeinsdóttir



13. Júlían J. K.
Jóhannsson



14. Auður
Jónsdóttir



15. Ari Björn
Björnsson



16. Marteinn
Pétur Urbancic



17. Erla Ósk
Ásgeirsdóttir



18. Guðjón Birkir
Björnsson



19. Bryndís
Gunnarsdóttir



20. Tómas Már
Sigurðsson



21. Elsa Björk
Valsdóttir



22. Birgir
Ármannsson



Árbæjarblaðið

tÚtgefandi: Skrautás ehf. Netfang: abl@skrautas.is
Ritstjóri og ábm.: Stefán Kristjánsson.
Ritstjórn: Símar 698-2844 og 699-1322.
Netfang Árbæjarblaðsins: abl@skrautas.is
Útlit og hönnun: Skrautás ehf.
Auglýsingar: 698-2844 og 699-1322 - Stefán Kristjánsson
- abl@skrautas.is
Prentun: Landsprent ehf.
Ljósmyndarar: Katrín J. Björgvinsdóttir.
Dreifing: Póstdreifing.

Árbæjarblaðinu er dreift ókeypis í öll íbúðarhús í Árbæ, Ártúnsholti, Grafarholti og Norðlingaholti.

Kjóssum rétt þann 30. nóvember

Það eru tvær vikur þangað til að koskið verður til alþingis Íslendinga. Það eru alltaf mikil tíðindi þegar gengið er til kosninga. Þrátt fyrir að margir gefi lítið fyrir daglegt þras stjórnmálanna fylgjast þeir hinir sömu spenntir með þegar tölur fara að berast úr hinum ýmsu kjördæmum.

Margir telja þetta mjög mikilvægar kosningar fyrir íslenskt samfélag. Það eru erfiðir tímar að baki og að margra mati mun bjartari tímar framundan þegar vextir eru farnir að lækka og verðbólgan fer minnkandi. Eitt stykki covid19 varð okkur erfitt og ekki voru hamfarimar í Grindavík til að léttja okkur verkin og sér ekki fyrir endann á þeim ósköpum.

Það verður gaman að fylgjast með baráttu stjórnmálaflokkanna á næstu dögum og líkast til eiga einhverjar bombur eftir að falla í hita leiksins. Hámarkinu verður náð þegar síðustu umræður kosningabaráttunnar fara fram á RÚV daginn fyrir kjördag að venju. Vonandi verða þar hlutlausir spyrklar við störf en þeir hafa ekki verið það undanfarið.

Reyndar er alveg kostulegt að fylgjast með fréttaflutningi á RÚV og þeirri stofnun yfirleitt. RÚV fær 6-7 milljarða í forgjöf árleg á aðra fjölmiðla í landinu. Og RÚV fer mikinn á auglýsingmarkaði þar sem ekkert er gefið eftir. Auglýsingatekjur RÚV nema 2-3 milljörðum á ári. Þrátt fyrir þessar staðreyndir er RÚV alltaf með allt niðrum sig. Tap á hverjum einasta ársfjórðungi, og reikningurinn sendur til alþingis við Austurvöll sem gjaman borgar reikninginn þegjandi og hljóðalaust.

Það vakti mikla athygli á dögum þegar Stefán Eiríksson var ráðinn útvarpsstjóri áfram til næstu fimm ára og staðan ekki auglýst. Þrátt fyrir að hafa verið við stjórnvölinn í 5 ár með litlum sem engum árangri ákvað stjórn RÚV að ráða hann aftur til fimm ára. Það er því ljóst að RÚV mun halda áfram að tapa hundruðum milljóna árlega og alþingi mun halda áfram að greiða reikninginn fyrir okkar hönd.

Að öðru. Verkfall kennara er farið að hafa mikil áhrif á líf fjölda fólks og ekki bara á allt það fólk sem er í verkfalli heldur einnig aðstandendur. Mikill seinagangur er í viðræðum og fleiri skólar bætast við þar sem kennarar eru í verkfalli. Verkfallsaðferðir kennara hafa vakið mikla athygli en leitun er á ömurlegri aðferðum til að beita í kjarabaráttu. Nokkrir skólar eru pikkaðir út og allt sett í frost þar vikum saman á meðan skólar í næsta nágrenni halda fullum dampi eins og ekkert sé. Þetta er mikil mismun og kennurum og samtökum þeirra til lítils sóma. Og seinagangur í samningaviðræðum er líka óþolandi og kominn tími til að aðilar setjist niður og semji og það strax.

Stefán Kristjánsson

abl@skrautas.is

Fylkir leitar réttar síns

Á íbúafundi í Árbæjarskóla, sem nýr borgarstjóri efndi til síðastliðið vor 2024 kom skýrlega fram að málefni Fylkis eru íbúum Ártúnsholts, Árbæjar, Seláss og Norðlingaholts mjög hugleikin. Þess vegna fór borgarstjóri af fundinum með þá kröfu íbúa að borgin jafni aðstöðu íbúa hverfisins til reksturs öflugss ípróttafélags, eins og gert hefur verið fyrir önnur ípróttafélög í borginni.

Aðalstjórn Fylkis tekur undir áhyggjur íbúa varðandi aðstöðumál félagsins, enda liggur það fyrir að Fylkir hefur setið eftir þegar kemur að uppbyggingu ípróttamannvirkja á síðustu árum. Áhyggjur stjórnar Fylkis snúa ekki að því að uppbygging eigi sér stað hjá öðrum félögum heldur lýtur að stefnuleysi borgaryfirvalda og því hve lítið er í raun að marka vilyrði og loford borgarinnar um uppbyggingu ípróttamannvirkja, sem hefur í raun leitt til mismunar gagnvart börnum og ungl-ingum.

Árið 2017 gerðu Reykjavíkurborg og Fylkir samning um að félagið afhenti borginni landsvæði við Hraunbæ. Svæði þetta hafði þá verið æfingasvæði knattspyrnuvæðingar Fylkis í tugi ára. Fyrir landið átti Fylkir að fá hlutdeild í söluverði lóðanna og skyldi það ganga til að bæta aðstöðu þess. Jafnframt var í samningnum samið um aðalknattspyrnuvöll félagsins og gerð stúku við hann.

Í kjölfar samningsins tók til starfa vinnuhópur skipaður fulltrúum Fylkis og Reykjavíkurborgar. Vinnuhópur þessi vann tillögur að uppbyggingu á aðstöðu

Fylkis, sem lágu fyrir haustið 2019 og skilað var til borgaryfirvalda. Helstu



Björn Gíslason er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

tillögur voru þær að byggt yrði hús við Fylkisveg til að bæta félagsaðstöðu félagsins sem er nánast engin í dag ásamt aðstöðu knattspyrnuvæðingar varðandi búningssklefa o.fl. Hús þetta átti að vera risið árið 2020. Stækka eða byggja skyldi nýtt fimleikahús en af því hefur enn ekki orðið, þótt borgin hafi fyrir nokkrum árum sett stækkun þessa í efsta seti varðandi uppbyggingu ípróttamannvirkja í borginni. Einnig kom fram í tillögnum að byggja þyrfti hált knathús fyrir árið

2022 ásamt byggingu nýs ípróttahúss fyrir körfu-bolta, handbolta og blak sem skyldi rísa árið 2025.

Engin þeirra mannvirkja sem komu fram í umræddri skýrslu hafa risið, hvað þá verið tekin skóflustunga að þeim. Reykjavíkurborg hefur ekki farið eftir sínum eigin tillögum sem komu fram í skýrslunni og virt að vettugi ítrekaðar óskir aðalstjórnar Fylkis um að koma þessu tillögum í farveg. Á landinu sem Fylkir samdi um að láta borginni eftir hafa nú risið nokkur fjöleignahús með yfir 200 íbúðum. Reykjavíkurborg hefur þannig ekki aðeins fengið landið frá Fylki, heldur einnig fengið greiðslu fyrir það frá þriðja manni á meðan Fylkir og iðkendur ípróttu hjá félaginu sitja eftir með óviðunandi aðstöðu og aðstæður. Það eina sem gengið hefur eftir eru endurbætur á aðalknattspyrnu-velli Fylkis og bygging stúku við hann, þar sem félagsmenn og velunnarar Fylkis lögðu mikla vinnu fram án endurgjalds.

Stjórn Fylkis hefur leitað til lögmanna til að fá metna stöðu félagsins gagnvart Reykjavíkurborg vegna framangreindra vanefnda. Stjórnin ber þó enn þá von í brjósti að borgarstjórnin sem kom á íbúafundinum í vor taki mið af vilja íbúanna og virði samning borgarinnar við Fylki.

Aðalstjórn Fylkis: Björn Gíslason, Atli Atlason, Kristinn Eiríksson, Erna Bryndís Einarsdóttir, Hulda Birna Baldursdóttir, Guðný Jakobsdóttir, Jón Birgir Eiríksson.

VISSIR ÞÚ?

AÐ KEILAN Á UPPRUNA SINN 3200 FYRIR KRIST.

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EILSHÖLL

Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði með 5 stjórn gæðavottun frá BÍlgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.

Hafðu samband núna

Draghóls 6-8
567-0690
tjon@tjon.is
www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla

Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingarfélaga.

Rétting og málun
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaleigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum

Hefur þú kynnt þér þjónustu Heilsuklasans?

Fjöldinn allur af
námskeiðum fyrir
byrjendur og lengri
komna á öllum aldri.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600





Finnur og Rósa Björk á opnun kosningamiðstöðvar Vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandsbraut 10.

VG er eina stjórnmálaaflið sem er grænt í gegn

- Finnur Ricart Andrason og Rósa Björk Brynjólfssdóttir skipa efstu tvö sætin á lista Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð í Reykjavík norður

Finnur Ricart er yngsti oddvitinn á landsvísu af þeim stjórnmálareytingum sem bjóða fram á fyrir þessar Alþingiskosningar en hann er fæddur árið 2002 og er því 22 ára.

Rósa Björk sat á Alþingi 2016-2021 og tekur nú þátt í sinni fimmtu kosningabaráttu.

Finnur er aktívisti og sérfræðingur í umhverfis- og loftslagsmálum. Hann bjó 11 ár erlendis og lauk námi í hnattrænum sjálfbærnivísindum við Utrecht háskóla í Hollandi og flutti heim til Íslands á síðasta ári. Þrátt fyrir að hafa búið lengi erlendis og ungan aldur, tók Finnur virkan þátt í félagsstarfi á Íslandi og sat m.a. í stjórn Ungra umhverfissinna í tæp fjögur ár, fyrst sem loftslagsfulltrúi og síðan sem forseti félagsins.

- En af hverju ákvað Finnur að ganga til liðs við VG?

„Mér finnst gríðarlega mikilvægt að náttúran eigi sér áfram sterka rödd á þingi og ég veit að hjarta Vinstri grænna slær með náttúrunni. Svo skipta hagsmunir ungs fólks mig miklu máli almennt, hvort sem það eru umhverfis- og loftslagsmál, geðheilbrigðismál, húsnæðismál eða menntamál. Og ég finn það, að með

því að treysta mér fyrir því ábyrgðarhlutverki að leiða lista flokksins í Reykjavík norður sýnir flokkurinn það í verki að þeim er annað um ungt fólk og að það fái að taka virkan þátt í að móta samfélagið í til framtíðar.“

- Hver eru mikilvægustu málefni fyrir þessar kosningar? Hver er stefna VG í þeim málum sem þú telur vera mikilvægust?

„Mikilvægustu málin eru húsnæðis og efnahagsmálin, heilbrigðismálin, sérstaklega andleg heilsa ungs fólks, og að sjálfsögðu umhverfis- og loftslagsmálin sem fléttast inn í öll málefni samfélagsins. Vinstri græn eru með skýra sýn í öllum þessum málum, bæði til skemmri og lengri tíma. Húsnæði á að vera heimili en ekki fjárfesting þannig að koma þarf frekari böndum á skammtímaleigur á borð við Airbnb og taka gjald af þeim sem eiga margar íbúðir sem hefur verið kippið úr umferð. Þetta myndi, til skemmri tíma, auka framboð á húsnæði, lækka húsnæðisverð og þar með gefa færi á frekari vaxta-lækkunum. Svo þarf auðvitað að stemma stigum við himinháa leigu- verði, mögulega með verðstýringu og leigubremsu,

byggja mun meira húsnæði sem ekki er byggt af hagnaðardrifnum húsnæðisfélögum og það þarf að auka framboð af félagslegu húsnæði og stuðla að máttulega þéttri og blandaðri byggð sem tryggir skilyrði fyrir öflugar almenningssamgöngur og þjónustu í nærumhverfi.

Urræðaleysi og lélegt aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu er áhyggjuefni, sérstaklega fyrir ungt fólk sem er að glíma við slæma andlega heilsu. Til að stytta biðlista, tryggja fjöl-breytt úrræði allan ársins hring og að fleiri geti stundað sálfræðinám þarf að auka framlög til geðheilbrigðis-mála.

Í umhverfis- og loftslagsmálum þurfum við að tryggja skjótan samdrátt í losun gróðurhúsaloft-tegunda í samræmi við tilmæli aðþjótavísindasamfélagsins með fjármögnunum aðgerðum í öllum geirum samfélagsins. Hér er nauðsynlegt að tryggja réttlát umskipti og að samfélagslegi ávinningurinn sé sem mestur, m.a. í formi hágæða almenningssamgangna, minni loft- og hljóðmengunar, og betri göngu- og hjólastígum.

Rósa Björk er þriggja barna móðir og býr í Vesturbæ Reykjavíkur. Hún var varaþingmaður VG árin 2013 –

2016 og settist á þing það ár fyrir Vinstri hreyfinguna Grænt framboð og sat á þingi til ársins 2021. Rósa Björk sagði sig úr VG árið 2020 en er nú komin aftur til liðs við hreyfinguna og skipar annað sætið í Reykjavík norður.

- Af hverju VG?

„Mér finnst íslensk stjórnmál hafa breyst mjög hratt á mjög skömmum tíma. Við sjáum og heyrum málflutning sem er mun pópulískari en áður, jafnvel ófgakenndari. Við sjáum að stjórnmálin á Íslandi eru að færast hratt til hægri og við sjáum líka stjórnmálaflokka daðra við áherslur ófgahægris og við útlendingaandúð. Til að mæta þessari þróun þá hefur mér þótt skorta alvöru mótvægi og þá er stefna VG gott haldreipi til þess að veða á móti þessari miklu hægri sveiflu í íslensku samfélagi. Nú þegar ríkisstjórnar-samstarf VG, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar er lokið, er ég líka þeirrar skoðunar að nú sé lag fyrir VG að leita aftur í ræturnar og skerpa á sínum áherslumálum með skýrum og afdráttarlausum hætti.“

- Hver eru mikilvægustu málefni fyrir þessar kosningar? Hver er

stefna VG í þeim málum sem þú telur vera mikilvægust?

„Ég tel að húsnæðismálin séu kjósendum afar mikilvæg fyrir þessar þingkosningar. Vextir og verðbólga hafa verið há og valdið háum afborg-unum fólks sem þýðir að fólk hefur minna á milli handanna í lok mán-áðarins. Við því þarf að bregðast.

Önnur mikilvæg mál fyrir þessar kosningar eru menntamálin og geðheilbrigðismálin. Í geðheilbrigðismálunum á vakt Svandísar Svavarsdóttur í heilbrigðisráðuneytinu var komið á fót geðheilbrigðisteymum um allt land og aðgangur að sálfræðingum tryggður á heilsu-gæslum, en betur má ef duga skal.

En svo eru það líka stóru áskoranir nútíðarinnar og framtíðarinnar sem eru umhverfis- og loftslagsmálin en þar hefur Vinstri græn algjöra sérstöðu og í raun óskoraða forystu í þeim málaflokki meðal íslenskra stjórnmálaflokka.

Þess vegna er nauðsynlegt að VG sé áfram kröftugt stjórnmálaafli á Alþingi Íslendinga,“ segir Rósa Björk að lokum.

VERUM VINSTRA MEGIN

- **Húsnæði fyrir fólk** en ekki fjárfesta
- **Sérstakar vaxtabætur** til að mæta aukinni vaxtabyrði heimila
- Tökum vel á móti innflytjendum og **tryggjum þeim möguleika á að blómstra** sem fullgildir þátttakendur í samfélaginu
- **Útrýmum kynjamsrétti** og kvenfyrirlitningu
- **Flýtum Borgarlínunni**
- **Stóraukum fjárveitingar til loftslagsaðgerða** og flýtum þeim
- **Verjum sjálfstæða fjölmiðla** og ritstjórnarlegt frelsi þeirra.



Meira
á vg.is



Silli kokkur Höfðabakka 1

- Villibráð með stöðugum nýjungum á matseðli
- Skemmtilegur staður fyrir fjölskyldur, vini, afmæli eða vinnustaði
- Barnamáltíð á 500 kr. og safi og ís í desert innifalið
- Notaleg stemning fyrir allan aldur og oft uppákomur um helgar



Jólin nálgast!

Sala er hafin á okkar vinsælu gjafakörfum fyrir fyrirtæki og einstaklinga

sillikokkur.is

og matseðlar eru kynntir þar. Okkar glæsilega jólahlaðborð í boði til 7. desember



Silli Kokkur - S: S691-5976 - sillikokkur.is



Jólahlaðborð:

Aðalréttir

Graflax m/ ristudu brauði og graflaxsósu.

Gæsalifrakæfa m/ púrtvínshjúp.

Grafin Gæsabringa m/ Camenbert og sultuðum rauðlauk.

Appelsínu grafið dádýr m/ Parmesan – trufflu balsamik og appelsínu.

Villibráða Paté m/ hindberjasósu.

Grafinn Skarfur í bláberja lakkrissósu.

Hreindýra bollur m/ villisveppasósu.

Gæsapottrettur í tartalettu.

Risottobollur m/ villisveppum og önd.

Purusteik.

Hunangsljáuð kalkúnabringa.

Meðlæti

Villisveppasósa.

Heimalagað rauðkál.

Confit sveppir.

Laufabrauð m/ smjöri.

Sinnepssíld m/ rúgbrauði.

Sykurbrúnaðar kartöflur.

Rækjur og krabbi í sweet chilli sósu.

Eftirréttur

Crème Brulee.

Súkkulaði ostakaka.

Kokkurinn áskilur sér rétt til að breyta eða bæta við matseðil

“Matseðill”

“Gæsaburger”

m/ Rucola, sultuðum rauðlauk með trönuberjum og bláberjum og reyktri gráðostasósu
2.800kr.

“Hreindýraburger”

m/ Rucola, sultuðum rauðlauk með trönuberjum og hindberjum og villisveppasósu.
2.800kr.

“Haltu kjafti”

m/ 140 gr. brisketbuff, 3x ostur, iceberg, sinneps-bbq sósa.
3.000kr.

“Brisketburger”

m/ Nautabuff, 2x ostur, lauk-beikoni, doritos og sillasósu.
2.800kr.

“Mac & Cheese”

m/ Nautabuff, 3x ostur, mac & cheese, döðlu-beikon chutney, doritos, sillasósu.
2.800kr.

“BBQ brjálæði”

m/ Smassbuff, 4x ostur, beikon, doritos, sillasósu og bbq sósu.
2.800kr.

“Mac silli”

m/ 2x Smassbuff, 4x ostur, relish, iceberg og sillasósu.
2.800kr.

“Smassbörger”

m/ Nautabuff, 3x ostur, doritos, sillasósu.
2.500kr.

“Vegan Börger”

m/ steiktum sveppum, rucola, doritos og siracha vegan majo.
2.500kr.

“Meðlæti”

Bökuð kartafla m/ hvítlauks-beikon-döðlu-rjómaosti.
700kr.

“Barnabörger”

m/ Nautabuff, 2x ostur, tómatsósa og safi fylgir.
500kr (Aðeins 12 ára og yngri)

**Sigríður Á Andersen skipar efsta sæti
Miðflokksins í Reykjavík norður og Snorri
Másson efsta sætið í Reykjavík suður:**

Skynsemi nálægð- arinnar

Afstaða íbúa Grafarvogs til skipulags hverfisins sem kynnt var á fjölmennum fundi Íbúasamtaka Grafarvogs nýlega kom mér ekki á óvart. Á fundinum kom fram mikil ónægja með einkum þrennt: Yfirgripsmikla þéttingu byggðar, ekki bara á þremur svokölluðum þéttingarreitum heldur á víð og dreif um hverfið, bílastæðaskort og samráðsleysi. Sundabrautin spilar inn í alla þessa þætti. Er nú svo komið að mörg hundruð Grafarvogsbúar sem mættir voru á fundinn sjá þann kost vænstan að kljúfa Grafarvog frá Reykjavík. Að gera Grafarvog að sjálfstæðu sveitarfélagi.

Hugmyndin um sjálfstæðan Grafarvog er í sjálfu sér ekki fráleit að mínu mati. Hún samræmist sjónarmiðum sem ég almennt aðhyllist um skynsemi nálægðarinnar fremur en miðstýringu. Þau eiga við á sveitarstjórnarstiginu eins og í alþjóðlegu samhengi. Þegar allt um þrýtur þarf krafa um sjálfstjórn ekki að koma á óvart.

Ég hef hins vegar bent Grafarvogsbúum á að þeir eru ekki einir um gremju í garð borgaryfirvalda. Við sem búum í vesturhluta borgarinnar höfum mátt þola sama samráðsleysið vegna yfirgengilegrar þéttingar á viðkvæmum stöðum elsta borgarhlutans.

Ég er fædd og uppalin í Reykjavík. Ég hef sterkar taugar til borgarinnar. Vil hag hennar sem vænstan og borgarlífið, hverfið og íbúana, fjölbreytt. Mér þætti miður að sjá borgina liðast í sundur. Þvert á móti vil ég sjá Reykjavík stækka. Ekki með þéttingu byggðar sem þegar hefur verið skipulögð heldur með nýjum byggðum og ekki síst með því að ljúka við byggð sem átti að vera þétt og fjölmenn. Úlfarsárdalurinn er dæmi um byggð sem bíður eftir fleiri íbúum og innviðum.

Áform um þetta byggð í Keldnalandi, sem myndi tvöfalda íbúafjölda Grafarvogs, eru óaðskiljanlegur hluti áforma borgaryfirvalda um borgarlínu. Ekki þó á þann veg að almenningsamgöngurnar séu hugsaðar til þess að þjónusta íbúa heldur er nýjum íbúum í þéttri byggð Keldnalandins ætlað að þjónusta og réttlæta borgarlínu. Borgarlínuhugmynd stjórnvalda (borgastjórnar og ríkisstjórnar) er öðru fremur fasteignapróunarverkefni. Þess má sjá stað hvarvetna í nýju skipulagi borgarinnar þar sem íbúðir eru reistar upp við akreinar fyrirhugaðra strætisvagnaleiða. Borgarlínuverkefnið ber sífellt meiri vott um þráhyggju og áætlanir um heildarkostnað hækka dag frá degi.

Ég er fyrirverandi þingmaður Reykjavíkur. Ég lagðist hart gegn svokölluðum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins þegar hann var kynntur þingmönnum. Það blasti strax við að Reykvíkingar bæru skarðan hlut frá borði en nágrannasveitarfélögin gátu vel við unað. Forysta Sjálfstæðisflokksins veitti þessari þráhyggju Viðreisnar og Samfylkingar brautargengi. Lítil áform eru í áætluninni um raunverulegar umbætur í umferðamálum fyrir núverandi íbúa Reykjavíkur



Sigríður Á Andersen skipar efsta sætið á lista Miðflokksins í Reykjavík norður.



Snorri Másson skipar efsta sætið á lista Miðflokksins í Reykjavík suður.

ÁFRAM ÍSLAND
MIÐFLOKKURINN

X M

Gleðilegar jólaseríur

fallegar og endingargóðar
á frábæru verði!

25%
afsláttur

Inni- og útiserfúr

Verð áður: 2.995 kr.

2.246 kr.

IP44 200 ljós
Samtengjanlegar

Ljósaslanga

Verð áður: 5.295 kr.

3.971 kr.

IP65 10 metrar
Samtengjanlegar

Alvöru útiserfúr

Verð áður: 7.995 kr.

5.996 kr.

IP65 200 ljós
Samtengjanlegar

Frír spennubreytir fylgir með öllum jólaseríum

Kletthálsi 7
110 Reykjavík
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-16
Sími: 412 2500

Selhella 6
221 Hafnarfjörður
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-16
Sími: 412 2500

Fuglavík 18
230 Reykjanesbær
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-14
Sími: 421 1090

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Nýir aðalþjálfarar meistaraflokka hjá

Fylki í knattspyrnu:

Árni Freyr og Bjarni Þórður taka við

Árni Freyr Guðnason var í október ráðinn sem aðalþjálfari karlaliðs Fylkis í knattspyrnu til næstu þriggja ára. Árni sem er 38 ára gamall hefur undanfarin ár verið þjálfari hjá ÍR og náð þar mjög eftirtektarverðum árangri en áður hafði Árni verið yfirþjálfari yngri flokka hjá uppeldisfélagi sínu FH um árabil.

Árni lék með Fylki um árin 2012 og 2013. Alls lék Árni Freyr tæpa 100 leiki í tveimur efstu deildum knattspyrnunnar á Íslandi og skoraði 38 mörk.

Bjarni Þórður Halldórsson var í október ráðinn sem aðalþjálfari kvennaliðs Fylkis til næstu tveggja ára. Bjarni Þórður, sem er 41 árs, er Árbæingur og Fylkismaður í gegn og Fylkisfólki því ansi vel kunnur en hann á að baki 215 leiki með félaginu í öllum keppnum á árunum 2003-2015 þar sem hann lék sem markvörður.

Bjarni þekkir ansi vel til leikmanna liðsins en hann hefur verið markmannsþjálfari meistaraflokks kvenna undanfarin tvö tímabil.

Mikið fjör á Bikarmóti Fylkis

Fyrstu tvær helgarnar í októbermánuði var mikið líf og fjör á Fylkissvæðinu á Bikarmóti Fylkis í knattspyrnu. Yfir 2600 iðkendur úr 5., 6. og 7. flokki karla og kvenna sýndu takta sína í dásamlegu haustveðri.

Þrátt fyrir smá kulda létu krakkarnir það ekkert á sig fá og sýndu frábæra takta og gleðin var alls ráðandi. Fylkir þakkar öllum fyrir þátttökuna og við hlökkum til að sjá ykkur að ári



2600 krakkar mættu til leiks á Bikarmóti Fylkis.



Árni Freyr Guðnason er tekinn við karlaliði Fylkis í knattspyrnu.



Bjarni Þórður Halldórsson er nýr þjálfari meistaraflokks kvenna hjá Fylki.

TÖLUM UM MENNTAMÁL



Jón Pétur Zimsen, aðstoðarskólastjóri sem jafnframt skipar 3. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík suður, er gestur á fundi hverfafélags Sjálfstæðisflokksins í Árbæ.

Jón Pétur mun fara yfir þær kraftmiklu aðgerðir sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur boðað til, 21 aðgerð sem nær frá leikskóla upp á háskólastig. Aðgerðir sem snúa vörn í sókn!

Fundurinn verður haldinn í félagsheimili Sjálfstæðisfélagsins í Árbæ fimmtudaginn 21. nóvember milli kl. 20.00-21.30.


Hlökkum til að sjá þig!



ER EKKI KOMINN TÍMI Á ÖÐRUVÍSI FORYSTU

KJÓSTU ÖÐRUVÍSI → KJÓSTU PÍRATA



| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|------------------------------------|-----------------|-----------|-------|--------------------|-----------------------|-------------------|--------------------|-----------------|----------------|--------------|------------------|------------------|------------|------------------|-----------|----------|
|  | Krossgátu-gerð: Bjarni S. 588 7911 | haugurinn | tvíhl. | snugg | lokkar | steðja | | lækning | pikk | hanga | öfug röð | egnt | | skanka | | fiskurinn | farvegur |
| | → | | | | | | | 1 | | | | | | | | | 7 |
| | röðin 2 eins | | | | | | | baksa spendýr | | | | | | óðfús | | hljóta | |
| Teikning Halldór Andri eftirprentun bónnuð | ↓ | óreiða stétt | | 9 | sturlast | | | | veiðar- færi | | auð stigu | | 12 | | 2 eins sægur | | |
| skass | | | | | öfug röð 10 | | stakar þögular | | | | | formi kvendýr | | | | | kroppar |
| brölt | | | veifurnar | | | máttur hjartfólgin | | una | | angan | | | | | aftur eða | | |
| heiti | | | | | knæpa upphaf | | | geimvera | | haf gætni | | | | fugl | | | |
| berja | | | | | sigli | | spendýr mjög | 14 | tóm utan | | | | | kona | 13 | hastið | suðið |
| | | | | 3 | grunar vitrunin | | | ábending skemmu | | | | | ánana manaðar | | | | |
| sefast | | 2 | | | | afkvæmi | fiskur | | | | | | nefgöng rák | | | | 15 |
| | 5 | fersk rám | | | duglausa 501 | | | stafur | spil varma | | | | | | sprikl áttund | | áverki |
| | ↳ | | | | 4 | | | → | | | | | | æðir 51 | | | |
| | | | | | angan | | | grænmeti | | | | ratanna | | | | | |
| fiskurinn | | | | | laga | 8 | | 11 | | hand- vegur | 6 | | | | | | öfug röð |

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|----|----|----|----|----|----|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|----|----|----|----|----|----|

eignaumsjon.is



Framúrskarandi fyrirtæki 2024

2021-2024 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í þjónustu við húsfélög og rekstrarfélög fasteigna.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega; í síma 585-4800 eða á netspjallinu. Einnig er hægt að senda póst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!



•

EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800



MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Fréttir

Óstjórn í húsnæðismálum

- eftir Ragnar Þór Ingólfsson, oddvita Flokks fólksins í Reykjavík suður

Óstjórn í húsnæðismálum Reykjavíkurborgar náði vonandi botninum á íbúafundi sem haldinn var í Rimaskóla í Grafarvogi. Vinnubrögð sem allir þekkja sem vilja fara aðrar leiðir en forherta þéttingarstefnu þar sem ekkert raunverulegt samráð á sér stað.

Það sást vel á fundinum hvað fulltrúum meirihlutans var brugðið. Brugðið yfir því að geta ekki farið sínu fram án þess að spyrja kóng eða prest. Sem formaður Bjargs og Blævar íbúðafélaga hef ég bent á, árum saman, að það neyðarástand sem ríkir á húsnæðismarkaði verður ekki leyst með núverandi þéttingarstefnu og verður sannarlega ekki leyst í óþökk við íbúa Grafarvogs eða nærliggjandi hverfa.

Á vettvangi ASÍ hef ég fundað með stjórnmalaflokkum til að koma hugmyndum okkar að. Þegar ljóst varð að flokkarnir sem stjórna borginni ætluðu eingöngu að taka bráðaáðgerðir inn í stefnur sínar en halda áfram á sömu braut þéttingar, sem hefur skapað neyðarástandið



Ragnar Þór Ingólfsson.

að stórum hluta, tók ég ákvörðun um að bjóða mig fram fyrir Flokk fólksins, gagnert til að fylgja eftir húsnæðisstefnu verkalýðshreyfingarinnar sem snýst

um að brjóta nýtt land með þjóðaráttaki í húsnæðismálum og nýju húsnæðislánakerfi að danski fyrirmynd.

Við höfum kynnt borginni hugmyndir að uppbyggingu í Úlfarsárdal, aðgerð sem myndi gagnast mun betur en að þetta í úthverfum, og boðið lausnir á fjármögnun og uppbyggingu innviða með innviðasjóði og aðkomu lífeyrissjóða. Ástæðan fyrir því að við völdum Úlfarsárdal er að hverfið þarf að stækka til að laða að verslun og þjónustu við íbúa. Önnur ástæða er að ekki verður séð að nokkur heilvita fjárfestir vilji kaupa lóðir án bílastæða í Keldnalandi og blasir við að byrja þarf alla hönnunar- og skipulagsvinnu upp á nýtt sem mun seinka uppbyggingu.

Við í Flokki fólksins erum tilbúin að taka skipulagsvaldið með lögum ef ekki verður fallið frá þessum áformum. Við þurfum lausnir sem taka á því neyðarástandi sem nú ríkir. Lausnir sem eru í sátt við íbúa úthverfa Reykjavíkur.

Árbæjarblaðið

5. tbl. 10. árg. 2012 maí

Fréttablað íbúa í Árbæ og Norðlingaholti

Árbæjarblaðið er lesið á hverju heimili

Mest lesni fjölmíðillinn í Árbæjarhverfinu?

Auglýsingar í Árbæjarblaðinu skila árangri

698-2844

Það er **komið að þér**

- Byggjum upp **nýtt húsnæðislánakerfi** að danskri fyrirmynd þar sem lögð er áhersla á fasta óverðtryggða vexti og tryggjum þannig fyrirsjáanleika.
- **Afnemum húsnæðisliðinn** úr vísitölu neysluverðs, því hann heldur verðbólgunni uppi.
- Bætum stöðu og réttaröryggi leigjenda með **viðmiðunarverði** á húsaleigu.
- Brjótum upp **nýtt land til uppbyggingar húsnæðis**.
- Hækkum **skattleysismörk** hjá lágtekjufólki.
- Hækkum **frítekjumark lífeyristekna**.



Ragnar Þór Ingólfsson

Inga Sæland



Löngu- eða þorskhnakkar með rauðu pesto og osti

- frábær réttur sem vert er að prófa

Kristjana Steingrimsdóttir, Jana, býður lesendum okkar upp á frábærar uppskriftir af fiskréttum.

Hér er ein sérstaklega auðveld en hrikalega góð uppskrift sem virkar vel fyrir alla, unga sem aldna.

800 gr löngu eða þorskhnakkar úr Hafinu.

Ca 70 grömm rautt pesto.
1/2 krukka af salatosti / fetaosti (ekki nota olíuna.)
Smá hvítlauksalt og sítrónupipar.

Hitid ofninn í 200 gráður.
Setjið fiskinn í eldfast mót og kryddið - smyrjið svo rauðu pestói og dreifið

salatostinum yfir.

Bakið í um 18-20 mínútur eða þar til fiskurinn er eldaður í gegn og salatosturinn búinn að „krispast“.


Dásamlega auðveldur og bragðgóður fiskréttur sem hægt er að elda á mjög skömmum tíma.

Þessi frábæri réttur er borinn fram með góðu salati og kínóa.

Verði ykkur að góðu.

Kristjana Steingrimsdóttir (Jana)

jana.is - www.instagram.com/janast



Hnakkarnir úr Hafinu tilbúnir til eldunar.



MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Bókaðu tíma í sjónmælingu

Þú getur bókað tíma í sjónmælingu með stuttum fyrirvara í verslunum Eyesland í Kringlunni, Glæsibæ, Spönginni, Grandi og á Keflavíkurflugvelli.

Sjónmæling gengur upp í gleraugnakaup séu þau gerð í framhaldinu.

eyesland

Spönginni · Kringlan · Grandi · Glæsibær · Keflavíkurflugvöllur
eyesland.is

TOYO TIRES

PIRELLI
POWER IS NOTHING WITHOUT CONTROL

Laufenn
Journey in Style

MAXXIS
DEKK

Mastercraft
TIRES

NANKANG
FREE YOUR WAY

KUMHO TIRE
All-ways. Go With you

DOUBLE COIN



Bókaðu tíma á netinu

Stærsta verkstæði landsins er í næsta nágrenni

Nesdekk Breiðhöfða 13.
Eitt fullkomnasta hjólbarðaverkstæði landsins.



Toyo GSI-6

Toyo Ice Freezer

Toyo G3S - ICE



Harðskeljadekk

Harðskeljadekk

Harðskeljadekk



Bókaðu tíma og skoðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080



Stærðin skiptir ekki máli á Breiðhöfða 13.

NESDEKK
561 4200 / nesdekk.is




Toyota
Kauptúni

ALGJÖR GRUNDEVALLAR- SMURNING

Nýttu þér sértíloð á smurþjónustu hjá
Toyota Kauptúni til 30. nóvember.

20% afsláttur af olíu, síum, rúðupurrkum, perum og fleiru.*

15% afsláttur af vinnu við smurningu.



Engin vandamál – bara lausnir

Toyota Kauptúni Kauptúni 6 Garðabæ 570 5070

*Sértíloð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolúsíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmí, perum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og þjónustu. Afsláttur af vörum gildir eingöngu með þjónustu á staðnum.

Jólaseriur sem endast í íslensku veðri

Múrbúðin hefur um árabíl boðið öflugar og sterkar LED jólaseriur sem þola íslenskt veðurfar. Bestu jólaseriurnar eru höggþolnar og með IP65 vatnsvörn, sem þýðir að þær þola vel íslenskt vetrarveður, þetta eru sambærileg gæði og sveitarfélög velja.

Jólaseriurnar eru samtengjanlegar, þannig að ekki þarf fjöltengi út í garð, þó mikið sé skreytt. Hægt er að tengja allt að 2000 ljós við einn spennubreyti.

Hjá Múrbúðinni fást líka jólaseriur sem eru IP44 vatnsvörðar. Þessar seriur má nota sem úti-seriur, því þær þola að vera úti, en eru samt ekki eins öflugar og IP65 úti jólaseriur. IP44 vatnsvörðu seriurnar er hægt að fá bæði samtengjanlegar og stakar. Þær eru sérstaklega bjartar og eru líka mjög fallegar innanhúss.

Mörgum finnst gaman að nota ljósslöngur og býður Múrbúðin nokkuð úrval af þeim í mörgum litum og marglitur, eins og hinar jólaeriurnar.

Vandaður frágangur og verð sem kemur á óvart
Í ljósi þess hversu vandaðar jólaseriurnar eru

þá kemur verðið þægilega á óvart og óhætt er að fullyrða að þær eru 30-50% ódýrari en sambærilegar jólaseriur annar staðar. Svavar Þórisson verslunarstjóri hjá Múrbúðinni, Kletthálsi 7 segir líka að það hafi verið markmið hjá sér að finna öflugar jólaseriur og selja þær á miklu lægra verði en almennt gerist og reynslan sýni að það hafi tekist.

Allt til að festa upp jólaseriur

Hjá Múrbúðinni fást einnig fjöltengi, framlengingasnúrir og allt til að hengja upp jólaseriurnar þannig að þær séu örugglega fastar og geri heimilið og garðinn enn glæsilegri.


Ekki má gleyma stigum og tröppum, sem gott er að eiga þegar verið er að hengja upp jólaseriur.

25% afsláttur er af öllum jólaseriurum

Múrbúðin býður 25% afslátt af öllum jólaseriurum núna, sem þýðir að hægt er að gera mjög góð kaup. Ef þig vantar vandaða jólaseriur, þá er ferð í Múrbúðina góður kostur.



Jólaseriurnar koma í úrvali stærða og lita.



Hér má sjá hvað vírar eru þykkir og frágangur góður.

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!



Borgarholtsskóli

Blómstraðu í Borgó!

- ➔ Opið fyrir umsóknir um nám í dagskóla og dreifnám til og með 30. nóvember.
- ➔ Á www.borgo.is finnur þú allar helstu upplýsingar um fjölbreyttar námsbrautir skólans og leiðbeiningar um umsóknarferlið.





Jólagjöfin fyrir fluguveiðimenn og konur fæst hjá okkur

Glæsileg íslensk flugubox - Gröfum nöfn veiðimanna á boxin



Krafla.is

Nánari upplýsingar í netverslun á Krafla.is - 698-2844 / 699-1322



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Stíflupjónusta Röramyndir Dælubíll



VALUR
HELGASON

stifla.is | 896 1100

Dolly Partón

LAMB, BÖKUD KARTAFLA,
MAÍS & BERNAISE



American Style

BÍLDSHÖFÐA
AMERICANSTYLE.IS

DALSHRAUNI

NÝBÝLAVEGI

SKIPHOLT
5 17 18 18

Fréttir

Hættulegur flöskuháls

- eftir Kjartan Magnússon borgarfulltrúa

Æskilegt er að undirbúningi vegna endurgerðar gatnamóta Reykjanesbrautar og Bústaðavegar verði hraðað í því skyni að auka þar umferðaröryggi, bæta umferðarflæði og draga úr mengun. Með flýtingunni væri hægt að ljúka framkvæmdum við gatnamótin árið 2026 í stað 2030 eins og nú er miðað við samkvæmt uppfærslu svonefnds samgöngusáttmála.

Tillaga Sjálfstæðisflokksins um málið var tekin fyrir í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur í síðasta mánuði en vísad frá af fulltrúum meirihluta Samfylkingar, Framsóknarflokks, Pírata og Viðreisnar. Frávísunin er í samræmi við þá stefnu meirihlutans að teja fyrir samgöngubótum í borginni eins og kostur er og koma jafnvel í veg fyrir þær.

Pólitísk þrækeln

Óviðunandi ástand ríkir í umferðarmálum Reykjavíkur vegna langvarandi vanrækslu við uppbyggingu samgöngumannvirkja. Endurgerð umræddra gatnamóta er eitt margra dæma um brýna samgönguframkvæmd, sem frestað hefur verið áratugum saman vegna pólitískrar þrækeln.

Einhverjar mestu umferðartafir í Reykjavík verða við gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar. Gatnamótin eru jafnframt þriðju hættulegustu gatnamót landsins en þar urðu 102 óhöpp, þar af fjórtán slys með meiðslum, á árunum 2019-2023 samkvæmt upplýsingum Samgöngustofu.

Vegagerðin hefur lengi talið að brýn þörf sé á mislægrri lausn við þessi gatnamót. Tafir síðdegis eru mjög miklar og hætta á óhöppum og slysum því mun meiri en ella. Tafirnar bitna hvað verst á íbúum Breiðholts og Árbæjarhverfa.

Áratugir eru síðan undirbúningur hófst vegna endurgerðar gatnamóta Reykjanesbrautar og Bústaðavegar. Mislæg lausn var þar lengi á skipulagi og unnið að málinu í samvinnu

Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar. Tímamót urðu í málinu árið 2011 þegar þáverandi vinstri meirihluti í borgarstjórn samdi við þáverandi vinstri stjórn Samfylkingar og VG um að stöðva allar meiri háttar samgöngubætur á stofnbrautum í Reykjavík í heilan áratug. Þessari stöðvun var fylgt eftir með því að fella



Kjartan Magnússon.

öll áform um mislæg gatnamót af aðalskipulagi, þar á meðal þessi



Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar.

Ástæðulausar tafir

Margir vonuðu að þessi kyrrstaða hefði verið rofin með svonefndum samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árið 2019. Í sáttmálanum voru gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar sett í sérstakan forgang og kveðið á um að endurgerð þeirra skyldi ljúka árið 2021. Hún hefur þó ekki enn orðið að veruleika vegna andstöðu vinstri meirihlutans í borgarstjórn.

Með nýuppfærðum „samgöngusáttmála“ á að teja verkið enn frekar en samkvæmt honum mun því ekki ljúka fyrr en árið 2030. Slík töf er ástæðulaus og til mikillar óþurftar þar sem hún framlengir óviðunandi ástand á þessum gatnamótum um mörg ár til viðbótar.

Miklar framfarir hafa orðið í hönnun mislægra gatnamóta á undanföllum áratugum. Víða í Evrópu má finna slík mannvirki, sem lítið fer fyrir á yfirborði, þar sem þau eru að mestu niðurgrafin og gjarnan í stuttum stökum. Þau gegna samt því hlutverki vel að auka umferðaröryggi, greiða fyrir umferð og draga úr mengun.

Fyrir hvert jólatré eru 50 ný gróðursett

Jólamarkaður
í Heiðmörk

Opit adventuhelgar kl 12-17



SKÓGRÆKTARFÉLAG
REYKJAVÍKUR

Allar nánari upplýsingar um Jólamarkaðinn í Heiðmörk, Jólaskóginn á Hólmsheiði og jólatrjáasölu á Lækjartorgi má finna á heidmork.is

Lilja Dögg Alfreðsdóttir skipar fyrsta sæti á lista Framsóknar í Reykjavík suður:

Vinnusemi er leiðarljósið

Nú líður að kosningum þar sem stjórnmalaflokkar ganga til samtals við kjósendur til að endurnýja umboð sitt. Í síðastliðnum þremur alþingiskosningum hef ég leitað til ykkar, kjósenda til að fá umboð til þess að vinna að þjóðþrifamálum í samfélaginu og ekki farið bönleið til búðar. Leiðarljós mín hafa verið vinnusemi og jöfn tækifæri og við í Framsókn höfum einbeitt okkur að því að vera á skóflunni og vinna vinnuna.

Lækkun verðbólgu og vaxta
Stærsta einstaka hagsmunamál

heimila og fyrirtækja um þessar mundir er lækkun verðbólgu og vaxta. Talsvert vatn hefur runnið til sjávar frá því að verðbólgan náði ákveðnu hámarki í fyrra, en hún hefur lækkað hratt og sendur stendur í 5,1% í dag og 2,8% án húsnæðisliðarins. Það voru jákvæð tíðindi þegar að Seðlabankinn lækkaði vexti með síðustu ákvörðun sinni. Ég er vongóð um að það ferli muni halda áfram með vankandi hag fyrir samfélagið. Verkefnið framundan verður að tryggja að það hægist ekki á því ferli. Jafnframt tel ég mikilvægt að lækka

matarskattinn og gera matarkörfuna þannig ódýrari.

Gegn skattahækkunum og sveltistefnu

Stærsta verkefni nýrrar ríkisstjórnar verður að ná niður fjármagnskostnaði Íslands! Margar leiðir eru færar í þeim efnum. Það skiptir sköpum að sýna aðhald og aukna forgangsröðun í ríkisrekstri á sama tíma og fjárfest er með skynsamlegum hætti í innviðum og velferð samhliða því að við hvetjum atvinnulífið áfram til aukinnar verðmætasköpunar. Í þessum efnum

þarf jafnvægi fremur en kollsteypur, en þær gætu til dæmis átt sér stað með skattahækkunum og orkuskortu hreinnar vinstri stjórnar eða sveltistefnu og vanhugsaðri einkavæðingu hreinnar hægri stjórnar.

Lilja Alfreðsdóttir er hagfræðingur og menningar- og viðskiptaráðherra. Hún skipar fyrsta sæti á lista Framsóknar í Reykjavík suður.



Lilja Dögg Alfreðsdóttir skipar fyrsta sæti á lista Framsóknar í Reykjavík suður.

VISSIR ÞÚ?

AÐ KEILAN Á UPPRUNA SINN 3200 FYRIR KRIST.

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á
KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

Lækkum vexti

Það er stærsta hagsmunamál heimila og fyrirtækja!

Styðjum við verðmætasköpun í stað þess að kæfa hana

Ódýrari matarkarfa með lækkun matarskatts

Tryggjum samkeppnishæft umhverfi fyrirtækja

Eflum íslenskukennslu og tryggjum að öll snjalltæki og forrit tali íslensku

LILJA ALFREÐSDÓTTIR
1. SÆTI REYKJAVÍK SUÐUR
Menningar- og viðskiptaráðherra og hagfræðingur

ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON
1. SÆTI REYKJAVÍK NORÐUR
Mennta- og barnamálaráðherra

Látum verkin tala

Lengjum fæðingarorlofið í 18 mánuði og hækkuð hámarksgreiðslur!

Látum næsta kjörtímabil snúast um börn og fjölskyldur

Höldum áfram að stórefla íþróttir og verknám

Auðveldum ungu fólki að eignast eigið húsnæði með útvíkkun hlutdeildarlána

Útrýmum biðlistum fyrir börn með þjónustutryggingu

framtíðin ræðst á miðjunni
xB
framtíðin ræðst á miðjunni

xb.is


Framsókn



Pórey Sveinsdóttir, Hjördís Bergstað og Jóhanna Sigurðardóttir.



Ingibjörg Kristín Ingólfssdóttir las úr bók sinni Skóhljóð.



Sigrún Eymundsdóttir og Vilborg Edda Lárusdóttir.



Kristjana Þorkelsdóttir og Erla Frederiksen.



Jóna Lárusdóttir og Marta Hermannsdóttir.

Opið hús í kirkjunni

Veturkonungur hefur nú tekið völdin hér á landi og það þýðir meðal annars að starfið í Árbæjarkirkju fer af stað eftir sumarfrí. Eitt af þeim fjölmörgu störfum er Opið hús-fullorðinna í kirkjunni.

Í síðasta blaði birtum við myndir frá opnu húsi í kirkjunni og hér fylgja með fleiri

Ljósmyndir
Katrín J. Björgvinsdóttir

myndir sem Katrín J. Björgvinsdóttir tók.

Nú þegar adventan er handan við hornið minnum við á öflugt starf í Árbæjarkirkju og adventukvöldið í kirkjunni þann 8. desember.



Hjónin Rúnar Friðgeirsson og Ása Guðjónsdóttir.



Lilja Ingólfssdóttir og Sigurlína Guðmundsdóttir.



Mæðgurnar Sigríður G. Steinþórsdóttir og Valgerður Efemía Tómasdóttir.



Bjarnveig Hjörleifsdóttir og Halldóra Gróa Guðmundsdóttir.



Hjónin Pétur Karlsson og Lydía Kristóbertsdóttir.

SKÖTUVEISLA FYLKIS

MÁNUDAGINN

kl. 11:30-14:00



FYLKIR

Öll velkomin í Skötuveislu
Fylkis, 23. desember.

Boðið verður upp á sérlega
ljúffenga skötu, tindabykkju
saltfisk og meðlæti

á meðan birgðir endast.

Fyrst koma - fyrst fá



Verð: 4.900 kr.

Borðapantanir á fylkir@fylkir.is
eða hjá Sigrúnu í síma 824 0403

#viðerumÁrbær



www.fylkir.is

Jólastemning í Heiðmörk

Grenitré, lifandi eldur, bóklestur, tónlist og stundum jólasveinar á vappi — það er óvíða jólalegra en á Jólamarkaðnum í Heiðmörk á adventunni. Starfsmenn Skógræktarfélags Reykjavíkur eru nú í óða önn að koma fyrir jólahúsum við Elliðavatsonsbæinn, finna til jólatré og búa í haginn fyrir opnun markaðarins. Markmið jólavíðburðanna er ekki síst að kynna skógarmenningu fyrir fólki og bjóða upp á ævintýrlega upplifun í skóginum, að vetrarlagi. Þá styður jólatrjáasalan við áframhaldandi ræktunarstarf í Heiðmörk enda 50 tré gróðursett fyrir hvert sem selst.

Margt er á dagskrá. Kór Norðlingaskóla opnar markaðinn með söng, laugardaginn 30. nóvember klukkan 12. Eftir það verður kransaskreyting í Jólakjallaranum með aðstoð fagfólks. Lúðrasveitin Svanur spilar síðar um daginn. Í Rjóðrinu, skammt frá Elliðavatsonsbænum verður kveiktur varðeldur og lesið fyrir gesti úr nýútkominni barnabók.

Það er orðin hefð hjá mörgum að leggja leið sína á Jólamarkaðurinn í Heiðmörk á adventunni. Margir kaupa þar jólatré beint úr skóginum eða gjafir á handverksmarkaðnum. Aðrir koma fyrst og fremst til að njóta jólastemningar í fallegu umhverfi, drekka kakó og hlusta á upplestur við varðeld í Rjóðrinu. Svo er tilvalið að nota tekifærið til að ganga um skóglendið, sem er ekki síður fallegt á veturna en sumrin.



Notaleg uppákoma við arineld fyrir börnin.



Jólasveinninn mætir að sjálfsgöðu á jólamarkaðnum í Heiðmörk og vekur alltaf mikla athygli.



Boðið er upp á fjölda viðburða á Jólamarkaðnum í Heiðmörk og alltaf góð stemning.



FMOS
Framhaldsskólinn
í Mosfellsbæ

Komdu í FMOS
Við erum að innrita



www.fmos.is



**Persónulegur skóli sem
tekur vel á móti þér**



**Nútímalegar
kennsluaðferðir**



Þjóðaráttak í umönnun eldra fólks

- við getum betur

Undanfarin ár hefur orðið æ skýrara hve mikilvægt er stjórnvöld stigi markviss skref til að mæta öldrun þjóðarinnar. Bið á bráðamóttöku Landspítala er löng en samtímis er aðeins um 50% þjóðarinnar með fastan heimilislækni. Á hverjum tíma bíða um 85 manns á Landspítala, tilbúnir til útskriftar, en fá ekki pláss á hjúkrunarheimili. Þessu vill

Samfylkingin breyta.

Við erum með plan um að styrkja heilsugæslu þannig að allir fái fastan heimilislækni, heilsuteymi eða tengilið við heilbrigðisþjónustuna. Við munum setja þau elstu og veikustu í forgang. Rannsóknir sýna að fólk með fastan heimilislækni er ólíklegri til að þurfa innlögn á sjúkrahús eða leita á bráðamóttöku. Við erum með plan um

hvernig ná skal þessu markmiði - með því að bæta starfsaðstæður, minnka óþarfa skriffinnsku, fjárfesta í tæknilausnum og auka stoðþjónustu við heilbrigðisstarfsfólk. Þannig getur heilbrigðisstarfsfólk sinnt því sem það er menntað til - að verja tíma með sjúklingum.

Samhliða ætlum við í þjóðaráttak í umönnun eldra fólks. Fráfarandi



Ragna Sigurðardóttir skipar 2. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík suður.

ríkisstjórn ætlaði að byggja 717 hjúkrunarrými en þau urðu 221. Við viljum byggja þau 500 hjúkrunarrými sem vantar og að byggja í kjölfarið yfir 100 hjúkrunarrými á ári. Þessi uppbygging þarf að vera í forgangi. Við viðurkennum að hún úrheimtir fjármagn en það kostar enn meira að aðhafast ekkert. Við viljum jafnframt veita samhæfða og samfellda þjónustu við eldra fólk og styrkja heimaþjónustu, endurhæfingu og heilsuefingu um allt land svo fólk geti

sem lengst verið í sjálfstæðri búsetu.

Samfylkingin leggur höfuðáherslu á heilbrigðismál. Við erum með áætlun um alvöru breytingar í þágu þjóðar. Með ykkar stuðningi þann 30. nóvember getum við hrint þeirri áætlun í framkvæmd.

Ragnar Sigurðardóttir 2. sæti á lista Samfylkingarinnar Reykjavík suður
Alma Möller 1. sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi



Alma Möller skipar fyrsta sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík suður.


Samfylkingin




Lækkum kostnað heimilanna

Lækkum vexti og verðbólgu
Fjölum íbúðum strax
Tryggjum örugga afkomu um ævina alla

viðerummeðplan.is



Sigurgeir I Sigurðarsson

Útlitið var ekki glæsilegt þegar Bardinn GK-475 strandaði á Snæfellsnesi, en allt fór þó vel að lokum.

Þyrlan eina vonin

Út er komin hjá Bókautgáfunni Hólum bókin Til taks – Þyrlusaga Landhelgisgæslu Íslands fyrstu 40 árin. Í bókinni er, eins og nafn hennar gefur til kynna, rakin saga þyrlusveitar Landhelgisgæslu Íslands fyrstu fjóra áratugina. Sagt er frá baráttunni fyrir því að fá björgunarþyrlu til landsins, en þær hafa verið nokkrar í gegnum tíðina og æði misjafnar, víðamestu verkefnum þyrlanna og svíplegum atburðum í rekstri þeirra. Tveir af höfundum bókarinnar, þeir Páll Halldórsson og Benóný Ásgrímsson, eru reyndustu þyrluflugmenn okkar og hafa þeir, ásamt fleirum auðvitað, komið mörgum til bjargar. Þriðji í hópi höfunda er Júlíus Ó. Einarsson, þjóðfræðingur og fyrrum lögreglumadur.

Fjöl margar myndir prýða bókina, sem ætti að höfða til allra landsmanna, enda koma þyrlur Landhelgisgæslunnar nánast við sögu á hverjum degi og þar leggja menn sig í líma við að bjarga lífi þeirra sem staddir eru í hættu.

Hér á eftir fer lítilsháttar efni úr bókinni og er gripið niður í frásögn Sigurðar Snæfells Sigurðssonar, fyrrverandi formanns Björgunarsveitarinnar Bjargar á Hellissandi:

Snemma morguns þann 14. mars

1987 fengum við fregnir um að fiskibáturinn Bardinn GK-475 væri vélarvana í nauðum við Hóláhóla á Snæfellsnesi. Björgunarsveitir voru ræstar út frá Hellnum, Arnarstapa, Ólafsvík og Hellissandi, og héldum við út á nesid. Áhafnir nærstaddra báta brugðust við og dældu út olíu til að róa brotin en svo fór að Bardinn kom inn í öldurótið og barst inn að klettunum þar sem hann skorðaðist fastur.

Brim var mikið er við komum á strandstað en fyrir sjónum okkar blasti við toppurinn af mastrinu. Í byrjun var reynt að hafa samband við áhöfnina en án árangurs. Leitað var strax við klettana að skipverjum og þurftum við að passa okkur að fá ekki brak úr bátunum yfir okkur en sjógangurinn var svo mikill að það kastaðist hátt upp í loftið og féll allt í kringum okkur. Fluglínutækið var komið upp og gert klárt til að freista þess að bjarga áhöfninni.

Björgunarþyrla

Landhelgisgæslunnar kom svo á vettvang og var það eina vonin á þessari stundu um að bjarga mætti áhöfninni. Þyrlan byrjaði að hífa áhöfnina frá borði. Hún þurfti að lenda og losa sig við fyrstu mennina áður en

hinir voru sóttir sem eftir voru um borð. Þar tók björgunarsveitin á móti mönnum og hlúði að þeim. Aðstaður voru slæmar á strandstað meðan á björguninni stóð og þurfti að vera vel á verði því brotsjórinn gekk yfir klettana og bátinn.

Í kringum hádegi fjaraði og sjógangurinn varð minni, og var þá fært að fara um borð í Bardann. Við fórum tveir um borð, báturinn hallaðist á stjórnborða og fór ég aftur í stýrishúsið eftir bakborðsíðu hans, og varð ég að hafa mig allan við svo ég missti ekki jafnvægið. Á dekkinu voru netadræsir og brak sem ekki hefði verið gæfulegt að lenda í. Ástandið inni í stýrishúsinu var skelfilegt, þar sem brotsjórinn hafði

hrifsað stóran hluta af tækjum og búnaði með sér og var það hreinlega horfið. Það var ströng áminning um að ekki má vanmeta kraftinn í Ægi, konungi sjávar. Inni í kortaklefanum mátti greinilega sjá ummerki eftir sjóinn. Eftir smá yfirferð fann ég bara eitt armbandsúr sem hékk uppi á vegg og var það hið eina sem hægt var að bjarga af persónulegum eignum áhafnarinnar. Það var ánægjulegt að geta skilað því í réttar hendur. Er ekki neinn vafi á því að kortaklefinn bjargaði áhöfninni, því ekki hefði verið möguleiki að hafast við í stýrishúsinu. Ekki var gerð tilraun til að fara um vistarverur undir dekki þar sem sjór var um allt.



Tel ég það mikla gæfu að Bardinn skorðaðist þannig að hann fór aldrei yfir á bakborða, þrátt fyrir gríðarlegan sjógang sem dundi á honum linnulaust á meðan þyrluáhöfnin sinni hinni frækilegu björgun.

Eftir tíu daga var farið í eftirlit á strandstað. Þá var nánast ekkert eftir af bátunum.



Höfundar bókarinnar, frá vinstri: Benóný Ásgrímsson, Júlíus Ó. Einarsson og Páll Halldórsson.

VISSIR ÞÚ?

**AÐ KEILA ER
LEIKIN AF
120.000.000
MANNS Í YFIR
90 LÖNDUM.**

**KÍKTU Í KEILU, PÍLU, KAREOKE,
PIZZU, DRYKK, BOLTA OG FJÖR.**

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á
KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EIGILSHÖLL

ÍPRÓTTAFÉLAGIÐ FYLKIR KYNNIR

KOMANDI VIÐBURÐI UM JÓL OG ÁRAMÓT



FLUGELDASALA

Flugeldasala Fylkis og Hjálparsveitar skáta verður sem fyrr í nýju áhorfendastúkuni við Fylkivöll dagana 28.-31. desember.




ÍPRÓTTAFÓLK FYLKIS

Jólakaffi fyrir félagsmenn 20. desember kl. 12:00 í Fylkishöll þar sem tilkynnt verður um val á ípróttafólki Fylkis fyrir árið 2024



SKÖTUVEISLA

Öll velkomin í "dásamlega" skötuveislu. Verð og aðrar upplýsingar koma á fylkir.is þegar nær dregur.



FLUGELDABINGÓ

Allir velkomnir í Flugeldabingó Fylkis í umsjón hins gallharða stuðningsmanns Hjálmars Arnar. Bingóinu sem er tvískipt hefst kl. 17:30 fyrir börn og 19:30 fyrir fullorðna í Fylkishöll.



FYLKISBRENNAN

Fylkisbrennan verður á sínum stað ásamt glæsilegri flugeldasýningu við Rauðavatn 31. desember.



JÓLATRÉÐ SÓTT

Handknattleiksdeild Fylkis mun bjóða uppá að sækja jólatré heim í póstnúmeri 110. Nánari upplýsingar koma á heimasíðu okkar þegar nær dregur.



HERRAKVÖLD FYLKIS

Herrakvöld Fylkis verður haldið föstudaginn 17. janúar. Veislustjóri, ræðumaður, málverkaupboð, frábærir skemmtikraftar, vel súrt og ekki súrt þorrahlaðborð. Flott í jólapakkann fyrir herrann.

Ípróttafélagið Fylkir óskar öllum félagsmönnum og fjölskyldum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

ATH: Allar nánari upplýsingar verða settar á heimasíðu Fylkis, www.fylkir.is þegar nær dregur



www.fylkir.is

Félagsstarf fullorðinna

Við erum á Facebook



Félagsmiðstöðin Hraunbæ 105



Félagsmiðstöðin Hraunbæ
105
Félagsmiðstöð



Leita að Félagsmiðstöðin Hraunb...



Félagsmiðstöðin Hraunbæ 105

Sími 411-2730

Jólatilboð



20% Afsláttur

Harðir jólapakkar fyrir bílinn

Öll hleðslutæki á afslætti fram að jólum



TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • vefverslun: www.skorri.is

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn
Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

Árbæjarblaðið

Ritstjórn og auglýsingar sími 698-2844

Gamla myndin

Árbæjarblaðið



Selásblettur árið 1969

Selás árið 1969. Hvíta húsið var kallað Selásblettur 9 fyrir á árum og það stendur enn í dag en er nú skráð við Deildarás 2. Minna húsið til hægri var geymsla sem tilheyrði Filipusi & Co. Í því var oft bambusprik og þráður sennilega eitthvað blómatengt. Að sögn kunnugra að þá voru stundaðar taichi æfingar í því áður fyrir.

Mynd og texti fengið af facebook síðunni Árbær á 20.öldinni

Jólafundur

Kvenfélags Árbæjarsóknar

Verður haldinn mánudaginn 2.desember 2024 kl.18 (mæting 17.45) í Skátaheimili Árbúa Hraunbæ 123 (gengið inn gegnt Hraunbæ 118)



Jólahugvekja

Jólahlaðborð 8000 kr

Bókaupplestur

Jólapakkar

Söngur - Gleði - Gaman



Skráning á kvenfelagarb@gmail.com og í síma 8985996 fyrir 28.nóvember

Allir velkomnir

Stjórnin

MÚR BÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Fréttamolar frá kirkjustarfinu

Dagskráin framundan í Árbæjarkirkju

Sunnudaginn 24. nóvember

Guðsþjónusta kl. 11.00. Sr. Þór Hauksson þjónar fyrir altari. Oranisti Krisztina Kalló Szklenár. Sunnudagaskólinn kl. 13.00 í umsjón hafa sr. Þór, Anna Sigga söngkona og Bjarmi píanóleikari.

Fyrsti sunnudagur í aðventu 1. desember

Kirkjudagur Árbæjarsafnaðar

Fjölskyldumessa er kl. 11.00 - leikritið „Einamana Nátttröll“ sýning fyrir alla fjölskylduna. Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00. Prestar kirkjunnar þjóna fyrir altari. Krisztina Kalló Szklenár organisti. Hljómsveitin Blær leikur. Einsöngur Þorsteinn Freyr Sigurðsson. Kór kirkjunar leiðir almennan safnaðarsöng. Hátíðarkaffi og Líkanarsjóðshoppdrætti kvenfélagsins í safnaðarheimili kirkjunnar. Veglegir vinningar í boði sem bæði einstaklingar og fyrirtæki í söfnuðinum hafa gefið. Afrakstur sölunnar fer

óskiptur til bágstaddra í söfnuðinum.

Annar Sunnudagur í aðventu sunnudaginn 8. desember kl. 11.00

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.00. Brúðuleikrit, Biblíusaga og mikill söngur. Kátir sveinar mæta í kirkjuna með glens og gleði í aðraganda jóla. Aðventukvöld - dagskrá í tali og tónum kl. 17.00. Stund fyrir alla fjölskylduna.

Þriðji sunnudagur í aðventu sunnudaginn 15. desember

Guðsþjónusta kl. 11.00. sr. Dagur Fannar þjónar fyrir altari. Krisztina Kalló Szklenár organisti. Kirkjukórinn leiðir almennan safnaðarsöng. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um viðburði adventunnar á heimasíðu Árbæjarkirkju www.arbaejarkirkja.is og fésbókarsíðu kirkjunnar.



Skotið nánar á heimasíðu kirkjunnar www.arbaejarkirkja.is

Ég um mig frá mér til... sig

- eftir sr. Þór Hauksson sóknarprest í Árbæjarsókn

Á árunum 1996-2016 var gefið út slúðurtímaritið Séð og heyrnt. Eins og nafnið gefur til kynna var á þeim síðum fjallað um það helsta í samkvæmislífi landans í máli og ekki síst fjölda mynda. Að fá umfjöllun á síðum tímaritsins var „toppurinn“ á tilverunni í huga þeirra sem þar fengu umfjöllun eða var það öflugt? Við hin sem vorum ekki þess verðug að vera fjallað um á síðum blaðsins fengum að kíkja inn um „glugga“ eða vera milli „stafs og hurðar“ að fletta inn á dýrdina sem við okkur blasti. Gleyma daglegu amstri okkar, sem var ekki nándar nærri því sem blasti við okkur lesendum blaðsins. Fastagestir blaðsins voru á annarri hverri síðu með „réttu“ fólkinu. Eins og slúðurtímariti sæmir var slúðrað um að þessi og hinn hafi hreinlega keypt umfjöllun um sig og þá aðallega „sig.“ Ef þú lesandi góður hefur haldið að það sem blasir við okkur í dag á samfélagsmiðlum sé eitthvað nýtt af nálinni þá skjöplast þér. „Ég um mig frá mér um sig“ er engin nýlunda þegar kemur að mannlegri hegðun. Það eina sem hefur breyst að það blasir við okkur þessi dægrin og misserin hverja andartaks og vökustund ekki bara þegar hér áður að setið var á „biðstofum“ fortíðar þar sem stafli af misgömlum árgöngum „Séð og heyrnt“ lá á borði.

Í dag er þessari umfjöllun komið fyrir í öðru „landi“ ef svo mætti að orði komast. Í „landi“ án eiginlegra landamæra nokkurs konar Schengen nútímans. Ekki nándar nærri öll okkar sem fyrir eiga gilt vegabréf en leyfa sér að kíkja aðeins yfir grindverkið sem skilur að okkur og hin.

Í Smartlandinu er fjallað um „fræga“ fólkið. Í Smartlandinu erum við

samviskusamlega minnt á að flest okkar erum „Ekkert.“ Staðreyndin þegar horft er til þess, eins undarlegt og það hljómar, erum við meira tilbúin að sjá hvað er að gerast í Smartlandinu frekar en að sjá og lesa um nýjustu vendingar um komandi kosningar. Frekar skal „skrunað“ upp og niður samfélagsmiðla til að sjá hina ýmsu „áhrifavalda“ eins og sagt er „pósa“ fyrir framan myndavélalinsuna við opnun; svo eitthvað sé tekið til kostanna- myndlistasýningar, veitingastaðar eða frumsýningu bíómyndar eða leikrits í öðru af stóru leikhúsunum eða bara það að eignast erfingja að ekki sé talað um að þessi eða hinn sé á lausu eftir skilnað, svo þau sem eru kynþokkafyllri en við hin sem aftur veldur því að pósan fyrir framan þaðherbergisspeglinn er eitthvað lengri en vanalega.

Þar sem undirritaður er „Ekkert“ og hef alla mína félagslegu vitrænu af lestri „Smartlands“ og annarra sambærilega slúðurmiðla... kannski hvað mig varðar af mikið...rifjaðist upp fyrir mér viðburður sem setti af stað hneykslunarbylgu um allt land sem olli því að dagfarsprúðasta fólk féll úr stólum sínum með kaffibollan í hendi, ekki aðeins í ungfrú Reykjavík heldur einnig um afdali landsins þar sem fátt raskar rónni nema kannski ýlfur Urðabúa.

Sambærilegur atburður átti sér stað um daginn og undirrituðum var boðið en það kom ekki fram á hugrænum jarðskjálftamælum almennings sem fyrr segir geta fært úr stað stófski róa annars dagfarprúðra einstaklinga af öllum kynjum. Bæði við lestur og áhorf ljósvakamiðla féllu ótrúlegustu

hlutir niður úr hillum hugans sem við vissum ekki eða vorum búin að gleyma að væri til í okkar eigin háalofts geymslu.

Um daginn hleypti ég að þeirri hugsun að eitthvað væri ég að færast



sr. Þór Hauksson.

uppá við í samkvæmislífinu. Ég og minn betri helmingur fengum nefnilega boð í kynjaveislu. Ég var ekki alveg viss út á hvað þessi veisla gengi nema það sem ég bæði las og horfði á í fjölmiðlum. Það var ekki nándar nærri þannig í þeirri kynjaveislu sem mér var boðið til. Augljóslega engin þar með „vegabréf“ upp á vasann í Smartland og ef út í það er farið ekki hvarflað að huga að sækja þar um.

Það kom að stóru stundinni og ég var sá eini í veislunni sem hljóp út á svalir

fbúðarinnar. Þar sem ég stend úti á svölunum gónandi upp í himininn eins og hver annar skýjaglópur; enda ætlaði ég ekki að missa af neinu, eða allt til að einn augljós „utangarðsmanna“ Smartlands kom út á svalirnar og spurði eins og „hálfviti“ hvað ég væri að gera. „Hvað ég væri að gera?“ svaraði ég á móti. „Erum við ekki í kynjaveislu?“

Þegar ég kom inn af svölunum var síðir langþreyttur á biðinni var gólfíð í stofunni, borðið og aðrir innanstokksmunir baðað í bleikum parppírsflyksmum og veislugestir fadmandi hvert annað og tár tritluðu niður kinnar, engar pósur. Það eina sem ég gat sagt: „Missti ég af einhverju?“

Í þrjúgandi þögn míns betri helmings í bílnum á leið heim úr kynjaveislunni kom upp í hugann minn að næstu adventu syng ég í einum af mínum mörgu hringferðum kringum jólatréð:

„Gekk ég yfir sjó og land og hitti þar einn gamlan mann, sagði svo og spurði svo. Hvar átt þú heima? Ég á heima á Smartlandi, Smartlandi, Smartlandi ég á heima á Smartlandi, Smartlandinu pósa.“

Þór Hauksson

Árbæjarblaðið

Ritstjórn og auglýsingar

Sími:

698-2844

60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeið.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600

HeilsuKlasinn





VIRKJUM!

Lifandi afl í þágu þjóðar. Nýtum, virðum og njótum.



Kynntu þér málin
nánar á miðflokkurinn.is

ÁFRAM ÍSLAND
MIÐFLOKKURINN

X M